



## Viðbragðsáætlun Kvennaskólans í Reykjavík vegna COVID -19 smits eða gruns um smit 27. ágúst 2020 - **nemendur**

- 1. Veikindi.** Nemandi verður veikur ⇒ Fer í COVID-19 próf sem reynist jákvætt.
- 2. Smitrakningarteymi** hefur samband við nemandann/forráðamenn og eftir atvikum við skólameistara. Nemandinn upplýsir um aðstæður í skólanum og samskipti sín við aðra á tilgreindu sóttvarnarsvæði/-hólfi. Nemandi/forráðamaður hefur samband við skólameistara og upplýsir um stöðu mála.
- 3. Tímabil sóttkvíar.** Smitrakningarteymi gefur upp það tímabil sem miða á við og er þá gengið út frá reglunni: **Innan 48 klukkustunda og innan 2 metra í meira en 15 mínútur** með þeim smitaða. Sóttkví er 14 dagar frá útsetningu fyrir smiti. Miðað er við **24 klukkustundir áður en fyrstu einkenna varð vart**. Ef ekki er um einkenni að ræða er miðað við 48 klukkustundir frá sýnatöku.

---

Dæmi: A fær einkenni 2. september en greinist með COVID-19 þann 4. september. Hann hitti B þann 1. september og þau unnu saman. B fer þá í 14 daga sóttkví talið frá 1. september.

---

- 4. Úrvinnslusóttkví.** Ef vafamál um umgengni eða samneyti nemandans við samnemendur eða starfsfólk skólans koma upp er engin áhætta tekin heldur svæði lokað tímabundið. Svokölluð úrvinnslusóttkví stendur yfirleitt þangað til búið er að rekja smit eða niðurstöður sýnatöku liggja fyrir. Mikilvægt er að nemandi haldi sig heima og mæti ekki í skólann ef hann finnur fyrir einkennum. Helstu einkenni COVID-19 minna á venjulega flensu; hiti, hósti, bein- og vöðvaverkir og þreyta. Meltingareinkenni (kviðverkir, ógleði/uppköst, niðurgangur) eru ekki algeng Covideinkenni en þó þekkt. Ef þessi einkenni koma upp hjá nemanda eða fjölskyldu hans er hann eindregið hvattur til að hafa samband við heilsugæslu, netspjallið á [www.heilsuvernd.is](http://www.heilsuvernd.is) eða vaktsíma 1700 og gefa ofangreindar upplýsingar.
- 5. Einstaklingur fer í sóttkví ef hann:**
  - Hefur umgengist fólk sem svo greinist með COVID-19.
  - Hefur verið á ferðalagi á skilgreindum áhættusvæðum.
- 6. Nánari upplýsingar:**
  - [www.covid.is](http://www.covid.is)
  - English:** <https://www.landlaeknir.is/koronaveira/english/>